

Ed.

465. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907 (þingskjal 302). [Dalav.].

Aðalbreytingin á vegalögnum, sem frumvarp þetta fer fram á, er fólgin í því, að Vesturlandsþjóðvegurinn liggja frá Búðardal um Hvammssveit, í stað þess að hann nú liggur frá Hjarðarholti. Þessa breytingu telur nefndin til bóta, með því að stefna vegarins verður á þennan hátt beinni og vegarstæði á henni töluvert betra. Ákvæði frumvarpsins í 2. og 3. gr. frumvarpsins standa í sambandi við vegarbreytinguna og telur nefndin þau eðlileg og rjettmæt.

Nefndin ræður því hv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 20. ág. 1915.

Jósef Björnsson, Sigurður Stefánsson,
form. skrifari og framsögum.

Kristinn Daníelsson.